

Flókin færsla

Einar Freyr Sigurðsson • Eiríkur Rögnvaldsson

einasig@hi.is

eirikur@hi.is

32. Rask-ráðstefnan um íslenskt mál og almenna málfræði

Fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins

27. janúar 2018

1 Inngangur

- Setningar á borð við (1a) og (2a) virðast tækar í máli allra sem hafa íslensku að móðurmáli en aðeins sumir málhafar telja setningar eins og (1b) og (2b) tækar (og þess vegna merkjum við þær með ‘%’)¹

- Þolfall á andlaginu í (1a) og (2a)
- Nefnifall (á frumlagi) í (1b) og (2b)

- (1) a. Það er flókið að skilja geimvísindi.
b. % Geimvísindi eru flókin að skilja.
- (2) a. Það var erfitt að dæma þennan leik.
b. % Þessi leikur var erfiður að dæma.

- Setningagerðina í (1b) og (2b) köllum við hér **flókna færslu**
 - Tiltölulega lítið verið fjallað um hana í íslensku
 - Sjá þó a.m.k. Halldór Ármann Sigurðsson (2002), Höskuld Þráinsson (2007), Höskuld Þráinsson, Whelpton og Jóhannes Gísli Jónsson (2013), Wood (2015) og Einar Frey Sigurðsson (2015)

¹Rannsóknin er unnin innan öndvegisverkefnisins Greining á málfræðilegum afleiðingum staf-ræns málsambýlis (2016–2019; verkefnisstjórar Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson).

- Samsvarar að mörgu leyti „*tough*-movement“ í ensku, setningagerð sem hefur verið mikið rannsökuð

(3) The problem is tough to solve.

- Íslenska heitinu ætlað að vera lýsandi á tvenna vegu.
 - (i) Hægt er að nota lýsingarorðið *flókinn* í setningagerðinni (á sama hátt og hægt er að nota lýsingarorðið *tough* í „*tough*-movement“)
 - (ii) Margt hefur verið ritað um hvers konar færsla eigi sér stað í ensku setningagerðinni. Einkum hefur því verið haldið fram að um sé að ræða 1) lyftingu,² 2) ósæmilega færslu (e. *improper movement*) eða 3) greiningu sem felur í sér spurnarfærslu og virkja (e. *operator*) í nafnháttarsetningunni,³ svipað og í tilvísunarsetningum (e. *null operator analysis*).
- Við færum fyrir því rök að ekki geti verið um lyftingu að ræða og því þurfi flóknari greiningu.

• Tillaga okkar:

- Við teljum að greining 3) eigi best við um íslensku og þar með að um tiltölulega flókna færslu sé að ræða.
- Við útfærum þetta með **samsömun** (e. *matching analysis*), svipað og gert hefur verið með tilvísunarsetningar

- Hver er munurinn á þessum þremur greiningum?

1. Með lyftingu er gert ráð fyrir nokkuð einfaldri rökliðarfærslu (A-færslu) úr t.d. andlagssæti í frumlagssæti


²Sjá t.d. Rosenbaum (1967), Postal (1971) og Bayer (1990).

³Sjá t.d. Lasnik og Fiengo (1974) og Chomsky (1977).

- (4) Þessi leikur_i var erfiður [að FOR dæma t_i].


2. Almennt hefur verið gert ráð fyrir að ósæmileg færsla sé ótæk í öllum tungumálum


- Ekki hægt að flytja nafnlið úr rökliðarsæti í tengilið setningar (með spurnar- eða kjarnafærslu — A'-færslu)
- A-í-A'-í-A er ómögulegt
- Skýrir hvers vegna eftirfarandi setning er ótæk

- (5) * Jón virðist [TL t_i að [T_{IDL} t_i sé þreyttur]]


- Þó hafa ýmsir málfræðingar velt því fyrir sér hvort ósæmileg færsla geti verið möguleg í sumum setningagerðum og hvernig megi gera grein fyrir því (Brody 1993, Hornstein 2001)
- Smylgreining Collins (2005) hefur þar notið nokkurrar hylli (sjá t.d. Hicks 2009 og Wood 2015)
- Um ósæmilega færslu í íslensku samhengi má lesa frekar um hjá Einari Frey Sigurðssyni (2016) og Wood 2015

3. Flutningur á virkja (e. *operator*) er A'-færsla í tengilið

- Tengiliðurinn er viðhengdur á nafnlið móðursetningar
- Nafnliðurinn í móðursetningu er þá samvísandi við virkjann
- Nafnliðurinn og virkinn eru ekki endilega í sama falli

- (6) [NL [NL Leikurinn_i] [TL VIRKI_i sem þú dæmdir t_i]] ...


- (7) John_i is easy [CP OP_i [TP PRO to please t_i]]

(Hicks 2009:541, sbr. Chomsky 1977:105)

2 Hversu útbreidd er setningagerðin?

- Margvísleg dæmi úr nútímamáli (fengin með leit í Risamálheild 2018)

- (8) a. Þetta er auðveld aðgerð og ekki flókin að skilja (goo.gl/nX2R48)
 b. textinn er einfaldur og skýr og auðveldur að lesa (goo.gl/6VWPae)
 c. Leikurinn var mjög erfiður að dæma (goo.gl/TRnaRa)
 d. Netföngin eru misþjál og auðveld að muna (goo.gl/duWmsu)
 e. Það er sjálfsagt nokkuð löng saga og flókin að útskýra hvers vegna svo er (goo.gl/BpEXFt)

- Niðurstöður úr rannsóknarverkefninu Tilbrigði í setningagerð
 - Höskuldur Þráinsson, Whelpton og Jóhannes Gísli Jónsson (2013:344): „Lyfting úr nafnhætti með lýsingarorði“
 - Inngangssetningar skálettraðar

Setning	já	?	nei	N
<i>Húsgögnin eru með nýrri tegund af áklæði.</i>				
Þess vegna eru stólarnir mjög auðveldir að þrifa.	23,4	25,6	51,0	710
<i>Ég tek alltaf nokkrar glæpasögur með í sumarfríið</i>				
Þær eru svo auðveldar að lesa.	38,1	28,1	33,8	712
<i>Sumar konur vilja helst búa einar.</i>				
Þær segja að karlar séu svo erfiðir að búa með.	62,7	20,9	16,4	713
<i>Ég hugsa að Edda tapi fyrir Jóhannesi.</i>				
Hann er mjög erfiður að teffa við.	47,3	28,6	24,1	706

Tafla 1: Mat (%) á flókinni færslu í Tilbrigðaverkefninu.

- Yngri málhafar samþykkja frekar fyrstu tvö dæmin
- Eldri málhafar hrifnari af síðustu tveimur dæmunum

- Niðurstöður úr rannsóknarverkefninu Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis
 - N = 1523
 - 1 = mjög óeðlileg, 2 = óeðlileg, 3 hvorki óeðlileg né eðlileg, 4 = frekar eðlileg, 5 = alveg eðlileg; E = vil ekki svara

Setning	5	4	3	2	1	E
<i>Greinarnar voru vel skrifaðar</i>						
Þær voru auðveldar að lesa.	21	24	12	28	14	1
<i>Textarnir innihéldu erfið orð</i>						
Þeir voru flóknir að skilja.	18	22	14	29	15	2
<i>Guðrún keypti nýjan dúk.</i>						
Hann er erfiður að þrifa.	6	13	10	32	38	1
<i>Þessi réttur var frábær.</i>						
Hann var einfaldur að elda.	16	23	9	32	18	1

Tafla 2: Mat (%) á flókinni færslu í Tilbrigðaverkefninu.

3 Nánar um setningagerðina

3.1 Orðasafnsfall varðveitist ekki

- Orðasafnsfall (þágufall, eignarfall) er ekki varðveitt í setningagerðinni.
- Dæmin í (1b) og (2b) minna að vissu leyti á þolmynd þar sem þolfall germyndar (*Ég dæmdi leikinn*) verður að nefnifalli í þolmynd (*Leikurinn var dæmdur*).
- Aftur á móti er orðasafnsfall varðveitt í þolmynd ólíkt flókinni færslu, sjá (3):

- (9) a. Ég kyngdi vatninu.
b. Vatninu var kyngt.
- (10) a. Það er erfitt að kyngja þessum staðreyndum.
b. % Þessar staðreyndir eru erfiðar að kyngja.
- Þetta bendir til að ekki sé um lyftingu (A-færslu) að ræða.
 - Þetta virðist ekki heldur vera ósæmileg færsla (e. *improper movement*) en í slíkri færslu felst að nafnliður sé fyrst spurnar- eða kjarnafærður (A'-færður) og færist svo í rökliðarsæti (e. A-to-A'-to-A movement)
 - slík færsla ætti að viðhalda þágufallinu í íslensku

3.2 Færsla úr andlagssæti forsetningarliðar?

- Nafnliðurinn í frumlagssæti móðursetningarinnar getur samsvarað andlagi forsetningar (11a)
 - Fall varðveitist þó ekki
- (11) a. % Sigurður er erfiður að tefla við ____.
b. * Sigurður var tefldur við ____.
- Þó er færsla úr forsetningarlið í frumlagssæti, svo sem í þolmynd (11b), ótæk í íslensku.
 - Færsla úr andlagssæti forsetningarliða í íslensku er aldrei A-færsla heldur alltaf A'-færsla (t.d. Zaenen, Maling og Thráinsson 1985, Wood 2015)
 - Þetta væri aftur á móti mögulegt með ósæmilegri færslu en þá ætti fallið að varðveitast.

3.3 Fljótandi magnliðir og fylgiumsagnir

- Fall á fljótandi magnliðum og fylgiumsögnum (e. *secondary predicates*) veitir mikilvægar upplýsingar
- Ekki sama fall á nafnliðnum í aðalsetningunni og magnliðum og fylgiumsögnum í nafnháttarsetningunni

- (12) a. % **Þessir strákar** (nf.) eru auðveldir að sannfæra **fulla** (pf.)/***fullir** (nf.).
b. % **Þessir strákar** (nf.) eru erfiðir að tala við ?**fulla** (pf.)/***fullir** (nf.).

- Hér er ólíklegt að um rökliðarfærslu (A-færslu) sé að ræða
- Getum borið þetta saman við þolmynd þar sem fall nafnliðar sem færast í frumlagssæti og fall magnliðar eða fylgiumsagnar sem virðist ekki færast er hið sama

- (13) % **Þessir strákar** (nf.) voru sannfærðir **fullir** (nf.)/***fulla** (pf.).

3.4 Afturbeyging

- Hér mætti líka nefna að afturbeyging er ekki möguleg með flókinni færslu
- Það er ekki augljóst hvað þetta segir okkur en þetta gæti bent til þess að ekki er um eina venjulega færslu úr andlagssæti að ræða

- (14) a. Það er erfitt að búa með óvini sínum.
b. *Óvinur sinn er erfiður að búa með.

4 Færsla í tengilið nafnháttarsetningarinnar

- Ýmsar vísbendingar um að flókin færsla (í bæði ensku og íslensku) innihaldi kjarna- eða spurnarfærslu (A'-færslu)
- Það að (15a) er tæk setning í ensku bendir til að (flókin) færsla úr andlagssæti sé ekki hefðbundin rökliðarfærsla heldur spurnar- eða kjarnafærsla (A'-færsla)

- Ástæðan fyrir því að (15b) er ótæk er að þar er liður, *why*, í tengilið sem andlag *marry* getur ekki færst yfir

- (15) a. A guy like John is hard [to imagine [any woman believing [she could marry ____]]].
- b. ?? A guy like John is hard [to imagine [any woman wondering [why she would agree to marry ____]]]. (Hicks 2009:542)

- Flókin færsla í ensku leyfir sníkigöt (e. *parasitic gaps*; Engdahl 1983)
 - Slíkt er haft til marks um spurnar- eða kjarnafærslu (A'-færslu)
 - Yfirleitt ótækt í íslenskum setningagerðum

- (16) (?) Lloyd Webber musicals_i are easy [OP_i to condemn t_i [without even watching e_i]]. (Hicks 2009:542)

- Ef flókin færsla hefur að gera með A'-færslu á (17b) að vera ótækt jafnvel í máli þeirra sem samþykkja (17a)

- (17) a. % Þessi bíll er auðveldur að leggja í lítil stæði. (sbr. goo.gl/553aCp)
- b. * Hvaða stæði er þessi bíll auðveldur að leggja í?

- Endurheimt fornöfn (e. *resumptive pronouns*) eru höfð til marks um A'-færslu
- Höskuldur Þráinsson (2007:431) sýnir setningapörin í (18)–(19) — dómarnir eru hans:

- (18) a. % Þessi dúkur er mjög auðveldur að þrifa.
- b. % Þessi dúkur_i er mjög auðveldur að þrifa ?hann_i.

- (19) a. % Hinrik VIII var erfiður að búa með.
- b. % Hinrik_i var erfiður að búa með ?honum.

- Þessi dæmi benda til A'-færslu

5 Vísir að greiningu: Samsömun

- Flókin færsla í íslensku er um margt lík tilvísunarsetningum
- Greining okkar tekur mið af því
- Í fyrsta lagi varðveitist fall andlags ekki í móðursetningu, hvort sem það er formgerðarfall eða orðasafnsfall (sjá þó Höskuld Þráinsson, Þórhall Eyþórsson, Ástu Svavarsdóttur og Þórunni Blöndal 2015 og Wood, Einar Frey Sigurðsson og Irisi Eddu Nowenstein 2017)

(20) a. ***Tilvísunarsetning***

Barnið_i/*Barninu_i var hér áðan sem ég hjálpaði _____i í gær.

b. ***Flókin færsla***

% Þessar staðreyndir_i eru erfiðar að kyngja _____i.

- Í öðru lagi er fall fljótandi magnliða og fylgiumsagna það sama og fall spurnarfærða liðarins (eða virkjans) en ólíkt falli nafnliðarins í móðursetningunni

(21) a. ***Tilvísunarsetning***

Strákarnir_i sem ég reyndi að sannfæra _____i fulla/*fullir fóru heim.

b. ***Flókin færsla***

% Strákarnir_i eru auðveldir að sannfæra _____i fulla/*fullir

- Í þriðja lagi getur nafnliður í frumlagssæti móðursetningar samsvarað andlagi forsetningar í tilvísunarsetningu

(22) a. ***Tilvísunarsetning***

Konan_i var hér áðan sem ég tefldi við _____i í gær.

b. ***Flókin færsla***

% Sigurður_i er erfiður að tefla við _____i.

- Í fjórða lagi hníga ýmis rök að því að nafnliður í tilvísunarsetningu færir upp í tengilið hennar

(23) ***Tilvísunarsetningar***

- a. Here is the snowball_i [which_i I chased the boy_j [who_j threw t_i at our teacher]] (Ross 1967:17)
- b. He's a man_i [that they wonder [which presents_j they'll give t_j to t_i]] (Chomsky 1986:58)

- Tilvísunarsetningar í ensku, rétt eins og flókin færsla, leyfa sníkigöt

(24) a. ***Tilvísunarsetning***

Alex, who we liked t_i before we met e_i, ... (Frampton 1990:56)

b. ***Flókin færsla***

(?) Lloyd Webber musicals_i are easy [OP_i to condemn t_i [without even watching e_i]]. (Hicks 2009:542)

- Endurheimt fornöfn, sem oft eru höfð til sannindamerkis um kjarna- eða spurnarfærslu (A'-færslu), eiga það til að koma fyrir í tilvísunarsetningum

(25) a. ***Tilvísunarsetning***

Ég hafði verið að fjalla um íslenska **barnið**_i sem amma **þessi**_i hafði haft með sér frá Noregi [...] (goo.gl/5snHZe)

b. ***Flókin færsla***

% **Þessi dúkur**_i er mjög auðveldur að þrífa ?**hann**_i.

(Höskuldur Þráinsson 2007:431)

- Margvíslegar greiningar hafa verið settar fram á tilvísunarsetningum
 - Lyfting úr tilvísunarsetningu, t.d. Vergnaud (1974), Áfarli (1994), Kayne (1994) og Bhatt (2002)
 - Færsla virkja í tengilið (e. *null operator analysis*), t.d. Chomsky (1973, 1977)
 - Samsömun (e. *matching analysis*), t.d. Sauerland (1998) og Hulsey og Sauerland (2006)
- Lítum á **samsömun**: Í tilvísunarsetningum hefur því verið haldið fram að heill liður (t.d. nafnliður) frekar en virki færist upp í tengilið
- Við teljum að svipaða greiningu megi setja fram fyrir flókna færslu í íslensku

- (26) a. Þessi leikur var erfiður að dæma.
 b. $[_{NL} [_{NL} \text{þessi leikur}_i] [_{TL} \text{þennan leik}_i \text{ að dæma } t_i]]$

- Hér er nákvæm samsvörun milli nafnliðarins í aðalsetningunni og nafnliðarins í nafnháttarsetningunni; þó fá liðirnir mismunandi fall
- Þar með eru tvö afrit (e. *copies*) af liðnum — neðra afritinu er eytt
- Hér þarf að huga að því hvernig við fáum út rétta orðaröð en hér verður það ekki gert

6 Ýmis álitamál og úrlausnarefni

1. Lítið er vitað um sögu flókinnar færslu í íslensku

- Hugsanlega samþykkja mun fleiri dæmi eins og (27)
- Eru þetta dæmi um sömu setningagerð? Hvað gæti gert þau betri að mati sumra málhafa?

- (27) a. Hún var glöð og góðsöm heim að sækja öllum þeim, sem hún vissi áttu við bágan kost að búa [...] (*Þjóðólfur*, 19. janúar 1874, bls. 48)

- b. hann neytir jafnt sverðs síns og penna, og er ómjúkur við að eiga með hvortveggja (Ísafold, 22. apríl 1875, bls. 55)

2. Eigum við að ganga út frá því sem skilyrði að alltaf sé hægt að finna beina samsvörun milli dæma eins og (28a) og (28b)?

- Hvað segir það okkur að þrátt fyrir að hægt sé að segja (29a) og (30a) er ekki hægt að segja (29b) og (30b)
- Bendir þetta til að um aðra setningagerð sé að ræða?
- Ef um aðra setningagerð er að ræða þá takmarkar það strax mjög mengi þeirra lýsingarorða sem koma til greina í notkun flókinnar færslu

(28) a. Þessi leikur var erfiður að dæma.

b. Það var erfitt að dæma þennan leik.

(29) a. Þessi hestur er glæsilegur að sjá / á að líta.

b. * Það er glæsilegt að sjá / að líta á þennan hest.

(30) a. Þessi bíll er fallegur að horfa á.

b. * Það er fallett að horfa á þennan bíl.

3. Til viðbótar við dæmin sem við höfum rætt um hér er einnig nokkuð um dæmi eins og (31)

- Hvaða tengsl eru á milli dæma eins og *Þetta var erfiður leikur að dæma* og *Þessi leikur var erfiður að dæma*? Er um sömu setningagerð að ræða í báðum tilfellum?

(31) Þetta var erfiður leikur að dæma.

4. Hver eru tengsl lýsingarorðsins og nafnliðarins?

- Skiptir þetta máli fyrir muninn á dæmum eins og (32a) og (32b)?
- Fyrri setningin er betri en sú síðari

- (32) a. % Hann er leiðinlegur að tala við.
b. % Hann er leiðinlegur að tala um.

5. Er um svipaða eða jafnvel sömu setningagerð að ræða þegar nafnorð er notað í stað lýsingarorðs, sbr. (33)?

- (33) a. Hún er höfðingi heim að sækja.
b. Hann er unaður að horfa á / fylgjast með.

7 Lokaorð og frekari rannsóknir

- Við höfum hér fjallað um flókna færslu í íslensku, sem lítið hefur verið rannsökuð
- Við stungum upp á greiningu sem tekur mið af greiningu tilvísunarsetninga
- Mjög margt er enn órannsakað og mörgum spurningum ósvarað eins og við gerðum grein fyrir
 - Við höfum tækifæri á að rannsaka þetta betur í öndvegisverkefninu Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis

Heimildaskrá

- Áfarli, Tor A. 1994. A promotion analysis of restrictive relative clauses. *Linguistic Review* 11:81–100
- Bayer, Samuel. 1990. *Tough* movement as function composition. Aaron L. Halpern (ritstj.), *The proceedings of the Ninth West Coast Conference on Formal Linguistics*, bls. 29–42. Stanford University, Stanford Linguistics Association, Stanford, CA.

- Bhatt, Rajesh. 2002. The raising analysis of relative clauses: Evidence from adjectival modification. *Natural Language Semantics* 10:43–92
- Brody, Michael. 1993. θ -theory and arguments. *Linguistic Inquiry* 24:1–23.
- Chomsky, Noam. 1973. Conditions on transformations. Stephen Anderson og Paul Kiparsky (ritstj.), *A Festschrift for Morris Halle*, bls. 232–286. Holt, Rinehart and Winston, New York
- Chomsky, Noam. 1977. On *wh*-movement. Peter Culicover, Thomas Wasow og Adrian Akmajian (ritstj.), *Formal syntax*, bls. 77–132. Academic Press, New York.
- Chomsky, Noam. 1986. *Barriers*. MIT Press, Malden, MA
- Collins, Chris. 2005. A smuggling approach to the passive in English. *Syntax* 8, 2:81–120.
- Einar Freyr Sigurðsson. 2015. ‘Tough movement’ in Icelandic. Handrit, University of Pennsylvania.
- Einar Freyr Sigurðsson. 2016. Circumventing the ban on improper movement in Icelandic. Christopher Hammerly og Brandon Prickett (ritstj.), *Proceedings of the 46th Annual Meeting of the North East Linguistic Society*, III, bls. 179–192. GLSA, Amherst, MA.
- Engdahl, Elisabet. 1983. Parasitic gaps. *Linguistics and Philosophy* 6:5–34
- Frampton, John. 1990. Parasitic gaps and the theory of *wh*-chains. *Linguistic Inquiry* 21, 1:49–77.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2002. Infinitives in Icelandic: a description. Handrit, Háskólanum í Lundi.
- Hicks, Glyn. 2009. *Tough*-constructions and their derivation. *Linguistic Inquiry* 40, 4:535–566.
- Hornstein, Norbert. 2001. *Move! A Minimalist Theory of Construal*. Blackwell, Oxford.
- Hulsey, Sarah og Uli Sauerland. 2006. Sorting out relative clauses. *Natural Language Semantics* 14:111–137
- Höskuldur Þráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge University Press, Cambridge.

- Höskuldur Þráinsson, Matthew J. Whelpton og Jóhannes Gísli Jónsson. 2013. Ýmislegt. Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.), *Tilbrigði í íslenskri setningagerð II. Helstu niðurstöður. Tölfræðilegt yfirlit*, bls. 331–364. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson, Þórhallur Eypórsson, Ásta Svavarsdóttir og Þórunn Blöndal. 2015. Fallmörkun. Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.), *Tilbrigði í íslenskri setningagerð II. Helstu niðurstöður. Tölfræðilegt yfirlit*, bls. 33–76. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Kayne, Richard S. 1994. *The antisymmetry of syntax*. MIT Press, Cambridge, Mass.
- Lasnik, Howard og Robert Fiengo. 1974. Complement object deletion. *Linguistic Inquiry* 5:559–582.
- Postal, Paul M. 1971. *Cross-over phenomena*. Holt, Rinehart and Winston, New York.
- Risamálheild. 2018. Verkefnisstjórn: Eiríkur Rögnvaldsson, Sigrún Helgadóttir og Steinþór Steingrímsson. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Rosenbaum, Peter. 1967. *The Grammar of English Predicate Complement Constructions*. MIT Press, Cambridge, MA.
- Ross, John Robert. 1967. *Constraints on Variables in Syntax*. Doktorsritgerð, Massachusetts Institute of Technology.
- Sauerland, Uli. 1998. *The Meaning of Chains*. Doktorsritgerð, Massachusetts Institute of Technology.
- Vergnaud, Jean-Roger. 1974. *French Relative Clauses*. Doktorsritgerð, Massachusetts Institute of Technology.
- Wood, Jim. 2015. On improper movement of accusative subjects. Thuy Bui og Deniz Özyıldız (ritstj.), *Proceedings of the 45th Annual Meeting of the North East Linguistic Society [Volume III]*, bls. 203–216. GLSA Publications, Amherst, MA.
- Wood, Jim, Einar Freyr Sigurðsson og Iris Edda Nowenstein. 2017. Inverse attraction in Icelandic relative clauses. Höskuldur Þráinsson, Caroline Heycock, Hjalmar P. Petersen og Zakaris Svabo Hansen (ritstj.), *Syntactic Variation in Insular Scandinavian*, bls. 200–232. John Benjamins.
- Zaenen, Annie, Joan Maling og Höskuldur Thráinsson. 1985. Case and grammatical functions: The Icelandic passive. *Natural Language and Linguistic Theory* 3, 4:441–483.